



## Tilkynning frá uppstillingarnefnd BÍS vegna Skátapings 2024

Á Skátapingi helgina 5.-7. apríl n.k. verður kosið í neðangreind embætti í samræmi við lög BÍS. Uppstillingarnefnd hvetur skáta sem hafa áhuga og hugsjónir fyrir skátastarfi í landinu að skoða þau embætti sem eru laus til kjörs, að gefa kost á sér til starfa og hvetja aðra til þess. Lýsingar á þeim embættum sem kosið er í má finna neðst í þessari tilkynningu.

Athygli skal vakin á eftirfarandi:

- Kosið er í öll embætti annað hvert ár til tveggja ára.
- Við kosningu í stjórn BÍS er kosið sérstaklega um skátahöfðingja og gjaldkera en fimm meðstjórnendur eru kjörnir í einni kosningu.
- Kosið er í fjögur fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð og stjórn Skátaskólans.
- **Kosið er í ungmennaráð (16 - 25 ára) og áheyrnarfulltrúa ungmenna í stjórn BÍS á ungmennapingi 2 - 4. febrúar.** Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með undirbúningi ungmennapings, sækja þingið og bjóða sig fram.
- Kosið er um fimm sæti í uppstillingarnefnd, þrjú félagslega skoðunarmenn og löggiltan endurskoðanda.
- Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 16. grein, 19. grein, 23. grein, 26. grein og 27. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi.
- Stjórn hefur ákveðið fjölda fulltrúa í fastaráðum sbr 26. grein laga, sjá upptalningu að neðan.

Eftirtalin embætti eru laus til kjörs á Skátapingi 2024:

### Stjórn

Skátahöfðingi

Gjaldkeri

Fimm meðstjórnendur

*Áheyrnarfulltrúi ungmenna er kosinn á ungmennapingi 2. - 4. febrúar.*

### Annað

Fimm sæti í uppstillingarnefnd

Þrjú félagslegir skoðunarmenn reikninga

Löggiltur endurskoðandi

### Fastaráð

Fjögur sæti í alþjóðaráði

Fjögur sæti í starfsráði

Fimm sæti í stjórn Skátaskólans

Þrjú sæti í útilífsráði

*Fimm sæti í ungmennaráði eru kosin á ungmennapingi 2.- 4. febrúar.*

Framboðstilkynningar og tillögur um fólk í þessi embætti óskast sendar uppstillingarnefnd hið fyrsta og eigi síðar en **15. mars kl. 12:00**.

**Tilkynningar um framboð þurfa að berast í tölvupósti á netfang uppstillingarnefndar [uppstillingarnefnd@skatarnir.is](mailto:uppstillingarnefnd@skatarnir.is).**

**Sérstök athygli er vakin á því að ekki er hægt að skila framboðum á þinginu sjálfu.**

**Uppstillingarnefnd skipa:**

Berglind Lilja Björnsdóttir, form	gsm +45 50181325	berglind@skatarnir.is
Hafdís Bára Kristmundsdóttir	gsm 617-1591	barahafdis@gmail.com
Jón Ingvar Bragason	gsm 699-3642	joningvarbragason@gmail.com
Reynir Tómas Reynisson	gsm 698-6226	reynirtomas@gmail.com
Sædís Ósk Helgadóttir	gsm 661-6433	saedis@skatarnir.is

*Hér eru skýringar um helstu verkefni sem þau embætti sinna sem kosið verður í á Skátapingi. Athugið að þetta eru ekki tæmandi listar og verkefnin geta verið jafn fjölbreytt og þau eru mörg. Ennfremur starfa ráð oft saman að ýmsum verkefnum.*

**Stjórn**

**Skátahöfðingi** er formaður stjórnar BÍS og leiðtogi alls skátastarfs í landinu.

**Gjaldkeri** situr í stjórn BÍS. Hann ber m.a. ábyrgð á fjármálum BÍS og vinnur náið með framkvæmdastjóra hreyfingarinnar að stjórn þeirra, framkvæmd fjáraflana, vinnslu bókhalds, áætlanagerð o.þ.h.

**Meðstjórnendur (5):** Sitja í stjórn BÍS sem skiptir með sér verkum og ber m.a. sameiginlega ábyrgð á starfi stjórnar, ráða og nefnda. Sitja eftir atvikum í fastaráðum samkvæmt ákvörðun stjórnar.

**Áheyrnarfulltrúi ungmenna** hefur áheyrnarrétt í stjórn BÍS en ekki atkvæðisrétt. **Kosið er í embættið á ungmennapingi.**

**Fastaráð og fleiri embætti**

**Hlutverk starfsráðs** er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja.

**Hlutverk alþjóðaráðs** er að stuðla að því að að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

**Hlutverk stjórnar Skátaskólans** er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

**Hlutverk útilífsráðs** er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.

**Uppstillingarnefnd** skal leita eftir fólki til starfa í stjórn og fastaráð fyrir Bandalag íslenskra skáta. Við störf sín skal nefndin ávallt leita eftir sem hæfustum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS.

**Félagslegir skoðunarmenn reikninga:** Félagsleg skoðun reikninga BÍS og dótturfélaga er í höndum þriggja manna félagslegrar skoðunarnefndar sem Skátaþing kýs. Félagslegir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir BÍS sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart Skátaþingi og skulu eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi BÍS og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess.

**Löggiltur endurskoðandi:** Reikningar BÍS og dótturfélaga skulu skoðaðir ár hvert af löggiltum endurskoðanda, kosnum af Skátaþingi.

**Hlutverk ungmennaráðs** er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun eigin skátastarfs og hreyfingarinnar. **Kosið er í ráðið á ungmennáþingi.**